

Aðalfundur Jeppavina 2013, haldinn í Versölum við Hallveigarstíg.

Fundargerð

Eftirtaldir mættu á fundinn:

Vilhjálmur Hjörleifsson

Atli Lýðsson

Jón B Þorbjörnsson

Þróstur Valdimarsson

Páll Halldórsson

Guðjón Guðmundsson

Jón K Jónsson

Aron Reynisson

Jónas Jónasson

Villi Goði

Sveinn Sigurbjarnarson

Árni Gunnarsson

Haraldur Kr Sigurðsson

Jón Ingi Dardi

Anton Guðmundsson

Ómar Sigurðsson

Hjörtur S Steinsson

Georg A Þorkelsson

Börkur Hrólffson

Sigurður Hrafn Stefnisson

Elín Björg Ragnarsdóttir (gestur)

Bjarni Guðmundsson

Þorvarður I Þorbjörnsson

Fundur var settur af formanni.

Fundarritari kosinn Vilhjálmur Hjörleifsson og Fundarstjóri Jón K Jónsson.

1) Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla stjórnar.

Aron rakti í stuttu máli störf stjórnar frá síðasta aðalfundi. Mikið þúður fór í verk varðandi samkeppnisstofnun og hefur verið rakið áður á fundum félagsins. Því

máli lauk á miðju sumri með greiðslu sektar upp á 150.000 kr. tæmdist með því nánast sjóður félagsins. Einnig fór nokkur vinna í að koma félagatali í viðunandi horf. Unnið var í slóðamálum á ýmsum stöðum og með aðkomu sveitarfélaga og annara opinbera aðila. Þá var og unnið mikið í öryggismálum í ferðamensku, m.t.t. tilvonandi reglugerðar þar að lútandi.

2) Gjaldkeri Jeppavina Jón Kr Jónsson lagði fram reikninga félagsins og fór yfir stöðuna. Sjóðir félagsins eru nánast tómir og félagsgjöld (1.000kr) standa engan veginn undir rekstri félagsins ef kaupa þarf að vinnu eins og lögfræðinga og almannatengla.

3) Lagabreytingar.

Farið var yfir lagabreytingar samkvæmt drögum frá stjórn sem höfðu verið send til félagsmanna. Allar breytingar samþykktar, sumar með lítilsháttar breytingum. Fyrsta grein, þar sem kveðið er á um nafn félagsins var í drögum að breytingum áætluð óbreytt. En lagt í hendur fundarins að koma fram með tillögum að nafnabreytingu. Lögð var fram á fundinum tillaga um að nafni félagsins verði breytt í Félag eigenda torfærubifreiða í atvinnurekstri. Skamstafað F.E.T.A.R. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Lög félagsins með áorðnum breytingum eru í viðhengi.

Þegar hér var komið var gert fundahlé og fundarmenn og gestir gæddu sér á þorraveislu frá kónginum í Múlakaffi.

4) Stjórnarkjör

Þá var kosið til stjórnar samkvæmt nýsamþykktum lögum. Allir í fráfarandi stjórn gáfu kost á sér að Sigurði Bjarna undanskyldum. Anton Guðmundsson gaf kost á sér til setu í stjórn. Önnur framboð komu ekki fram á fundinum. Aron Reynisson var kosinn formaður með lófataki. Aðrir í stjórn voru kostnir: Atli Lýðsson og Vilhjálmur Hjörleifsson til eins árs og Anton Guðmundsson og Jón Kr Jónsson til tveggja ára.

5) Önnur mál

Rætt var um nauðsyn þess að hækka félagsgjaldið. Fram kom tillaga frá Jónasi Jónasyni að félagsgjaldið verði 15.000 á ári. Elín B. Ragnarsdóttir lögfræðingur hvaða vinna gæti orðið í málarekstri, álitserðum og þessháttar. Tillaga um að

hækka árgjald félagsins í 15.000 kr. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rætt var um hvort félagið gæti gengið í SAF og það hefur verið athugað að er ekki hægt. En allir fundarmenn hvattir að ganga þar inn til að hafa áhrif. Elín benti á að samtök gætu gengið í félag atvinnurekanda og þaðan er tenging inn í SAF.

Þessu var beint til stjórnar. Rætt var vítt og breytt um ímyndarmál og hvernig að þeim gæti verið staðið. Bent á að nú sé lag að kynna félagið á jákvæðan hátt með nýju nafni F. E. T. A. R.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.